

Stjórnarfundur Geðhjálp 21.05.2015

- 1. Yfirferð fundargerða síðustu tveggja stjórnarfunda (GK).**

Fundargerðir samþykktar athugasemdalaust.
- 2. Ég átti svartan hund, viðburðir, sala, framhald (HJ).**
 - Viðtökur við bókinni hafa verið góðar og viðburðir gengu vel. Kynningarmál gengu líka vel, allir helstu miðlar, fyrir utan Kastljós, fjölluðu um viðburðina og/eða bókina.
 - Rætt um framhald varðandi kynningu á bókinni t.d. um leiðir til að koma henni að í skólakerfinu. Einn farvegur gæti verið að kynna bókina fyrir Lífsleiknikennurum. Einnig var rætt hvort sniðugt væri að gefa kynningareintök í heilsugæsluna þannig að fólk geti kynnst verkinu.
- 3. Framkvæmdir í Borgartúni 30 (HJ, PI, AGÓ).**

Skrifað hefur verið undir 13,6 milljón króna samning um framkvæmdina. Hækkun frá tilboðsverði er rakin til vanreiknaðs gólfflatar og þess að ekki er hægt að endurnýta hurðir. Framkvæmdatími er 10 vikur og er vonast til að hægt verði að afhenda húsnæðið 20. júlí.
- 4. ÖBÍ, Brynja og gæludýr (HJ).**

Stjórnin var sammála um að Brynja hefði farið hastarlega að íbúum í tengslum við gæludýraeign í leighúsnæði ÖBÍ. Í farvatninu er að finna gæludýraeigendum annað húsnæði. Framkvæmdastjóri ætlar að kanna málið og upplýsa stjórnina.
- 5. Lýðheilsusjóður vegna forvarnaverkefnis – framvæmd verkefnisins (HJ, AGÓ).**

Samþykkt hefur verið að Rauði krossinn taki þátt í verkefninu Útme'ða með Geðhjálp og hlaupahópnum. Sótt var um styrk til Lýðheilsusjóðs. Styrkumsókninni var hafnað. Stjórninni þykir höfnunin undarlegt í ljósi jákvæðra viðbragða landlæknis. Stungið var upp á því af hálfu embættisins að áfrýja ákvörðuninni. Áfrýjuninni hefur verið skilað inn til embættisins. Framkvæmdastjóri mun óska eftir fundi með landlækni vegna málsins.
- 6. Ben Michael Goldacre, Peter C. Gøtzsche, Joanna Moncrieff (HJ).**

Þessum lið var frestað til næsta fundar.
- 7. Fræðslu- og batasetur Vinjar, Fjölmenn (HP, AGÓ).**

Fram koma að mennta- og menningarmálaráðuneytið léti 243 milljónir af hendi rakna til fræðslu fullorðinna, fatlaðra einstaklinga á hverju ári. Aðeins 5 til 6 milljónir rygnu til geðfatlaðra. Stjórnin ákvað að senda ráðherra bréf með ósk um að fjármagnið yrði hækkað og tryggt að 40% hlutur geðfatlaðra rygni

sannarlega til menntunarræða þessa hóps. Óskað verður eftir fundi með framkvæmdastjóra ÖBÍ og mennta- og menningarmálaráðherra vegna málsins. Fram kom að haldinn hefði verið kynningarfundur um fræðslu- og batasetur í Vin sama morgun.

8. Erindi frá innanríkisráðuneytinu um hugmyndafræði, framtíðarsýn, gildi og markmið fullnustu refsingar á Íslandi (HJ).

Þessum lið var frestað til næsta fundar.

9. Rannsókn Jóns Snorrasonar á þvingun í geðheilbrigðisþjónustu (HJ).

Þessum lið var frestað til næsta fundar.

10. Önnur mál.

Rætt var um hvöss viðbrögð íbúa og hverfisprests í Seljahverfi við íbúakjarna fyrir fólk með þroskaskerðingu.

Ákveðið var að efna til næsta stjórnarfundar að viku liðinni.

Fundinum lauk um kl. 19.00.